

Tilvísanir til skólaþjónustu – leiðbeiningar

1. Tilvísun skal fylla gaumgæfilega út. Mikilvægt er að þær upplýsingar sem fylgja tilvísun séu greinargóðar og gefi góða mynd af stöðu barnsins. Fylla skal í alla reiti sem við á.
2. Tilvísanir skulu berast eigi síðar en á þriðjudegi eigi að taka þær fyrir mánudaginn þar á eftir. Ekki er hægt að ábyrgjast að tilvísun verði tekin fyrir á næsta fundi ef hún berst síðar.
3. Tilvísunum skal fylgja útfylltur gátlisti. Velja skal þann gátlista sem við á. A hluti er alltaf fylltur út. Í B hluta skal einungis fylla út í viðeigandi reiti. **Athugið að ekki þarf að fylla út í alla reiti heldur einungis þá sem tengjast tilvísunarástæðu.** Þannig er spurningum svarað um líðan ef tilvísunarástæða er líðan, spurningum um athyglisbrest og ofvirkni er svarað ef það er tilvísunarástæða o.s.frv.
4. Tekið er fram á gátlista hvenær útfylltir skimunarlistar ADHD, SDQ og ASSQ skulu fylgja tilvísun. Foreldrar og kennari fylla listana út en skólastjóri/námsráðgjafi hafa listana í sinni vörslu. Þannig fer skimun strax í gang um leið og tilvísun berst. **Athugið að þessum listum skal skila inn um leið og tilvísun er skilað.**
5. Mikilvægt er að foreldrar og umsjónarkennari/kennari svari gátlistanum saman og skrifi undir hann saman.
6. Sé óskað eftir samstarfi skólaþjónustu vegna reglubundinna skimana (t.d. Talnalykill o.þ.h.) , vinnu með hópa, námskeiðshalds eða annars skal fylla út eyðublaðið „Umsókn skóla/leikskóla um samstarf við Félagsþjónustu Norðurþings“. **Þetta á einnig við um vinnu námsráðgjafa með nemendahópa.**
7. Sé óskað eftir setu starfsmanns skólaþjónustu í teymi sem stofnað er í kring um einstakling skal hakað við þann reit undir liðnum „ástæða tilvísunar“ á tilvísunareyðublaði. Ekki þarf að fylla út beiðni „ósk um samstarf“ eins og áður hefur verið.
8. Nú eru foreldrar beðnir um að skrifa undir á tveimur stöðum á tilvísuninni. Annars vegar undir tilvísunina sjálfa og hinsvegar eru þeir beðnir um að gefa leyfi fyrir öflun upplýsinga hjá heilsugæslu og að skólaþjónusta megi láta heilsugæslu fá upplýsingar um barnið. Þetta er gert til að auðvelda upplýsingaflæði á milli þessarar tveggja stofnana.
9. Skorti pláss á tilvísunareyðublaði/gátlistum er sjálfsagt að láta nánari lýsingu á vanda/fyrri úrræðum fylgja með.
10. Skorti upplýsingar á tilvísanir eða þær ekki fylltar rétt út verða þær endursendar til nánari vinnslu.